

Gjaldskrá

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

68
20. júní

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

- A. Þar sem orkan er notuð aðallega til ljósa verður hun seld um kílóvattstundamæli fyrir 75 aura hver kwst. (kílóvattstund).

Raforku til lækninga má þó selja lægra verði, enda gjöri rafmagnsstjórn sjerstakan samning í hvert skifti og ber þá að taka tillit til, á hvaða tíma dags orkan er notuð.

- B. Þar sem orkan er notuð til ljósa og auk þess hlutfallslega að verulegum mun til suðu, hitunar o. þ. l., má selja hana

1. um hemil fyrir 500 krónur hvert kílóvatt um árið, eða
2. um sjerstakan mæli fyrir 20 aura hverja kwst.

- C. Ef orkan er notuð til iðnaðar má selja hana

1. um hemil fyrir 500 krónur hvert kílóvatt um árið, eða
2. um mæli fyrir 50 aura hverja kílóvattstund.

- D. Afgangsorku má selja til suðu, hitunar o. þ. l. fyrir 12 aura kwst. eða 300 krónur kw-ár ef jafnframt er gjört að skilyrði, að orkan sje ekki notuð alt að 7 ljósfrækustu klukkustundir dagsins eða lengri tíma, eftir nánari fyrirmælum rafmagnstjóra í hvert skifti.

- E. Þegar sjerstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja orku eftir sjerstököm samningi í hvert skifti, þó ekki til lengri tíma en eins árs í senn, nema til komi samþykki rafmagnsstjórnar.

- F. Verð fyrir orku til götu- og hafnarlýsingar ákveður bæjarstjórnin eftir tilögum rafmagnsstjórnar.

Bæjarstjórninni er heimilt án frekari staðfestingar stjórnarráðsins, að hækka eða lækka gjöld fyrir notkun raforku um alt að 20 % frá því sem ákveðið er í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51,3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut elga að mali.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 20. júní 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.